

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 207. fundur

Föstudaginn 19. desember 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs., á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 8:30.

#### Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir formaður, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sverrir Óskarsson (varamaður) Sigrún Edda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason og Einar Birkir Einarsson.  
Ástríður Þórðardóttir, fjármálastjóri, ritaði fundargerð.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Akstursþjónusta fyrir fatlaða

Smári Ólafsson, sviðsstjóri Akstursþjónustu fatlaðs fólks kynnti stöðu mála og verkefnið fram undan.

##### 2. Rekstrarúttekt á byggðarsamlaginu Strætó bs.

Fyrir fundinum lá erindi, dags. 13.11.2014, frá SSH þar sem kynnt er tillaga stjórnar SSH frá 10. nóvember sl.þar sem lagt er til við eigendavettvang og stjórnir byggðarsamlaganna Sorbu bs., Strætó bs. og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. að unnin verði ítarleg greining á rekstri byggðarsamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað við rekstur byggðarsamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna verkefnisins verði greiddur af byggðasamlögunum.

Stýrihópur um verkefnið, sem stjórnarformaður Strætó bs. situ í, skal skila niðurstöðum og markvissum aðgerðum til eigendavettvangs og stjórnna eigi síðar en í lok apríl 2015.

Stjórnin samþykkir tillögu stjórnar SSH fyrir sitt leyti varðandi úttekt á rekstri Strætó bs. og að byggðarsamlagið greiði sína hlutdeild í kostnaði við rekstrarúttekt byggðarsamlaganna.

##### 3. Kóðadeiling milli Ruter í Noregi og Strætó

Daði Ingólfsson, yfirmaður upplýsingamála, fór yfir samkomulag við Ruter í Noregi, þar sem fram kemur gagnkvæm deiling á app-kóðum.

Stjórn óskar eftir lögfræðilegu álti á framkomnu samkomulagi á næsta fundi stjórnar.

##### 4. Kostnaður og tímaáætlun í tengslum við innleiðingu á nýjum fargjaldaformum

Daði Ingólfsson og Júlíá Þorvaldsdóttir sviðsstjóri Farþegajónustusviðs, fóru yfir kostnað og tímaáætlun sem tengist innleiðingu á nýjum fargjaldaformi. Einnig var farið sérstaklega yfir þá áhættuþætti sem tengjast því að bæta við nýjum fargjaldaformum inn á núverandi heimasiðu Strætó.

Starfsmönnum falið að vinna áfram að verkefninu í samræmi við umræðu á fundinum.

##### 5. Farþegatalning 2014

Einar Kristjánsson, sviðsstjóri skipulags – og þróunarsviðs, lagði fram skýrslu þar sem farið var yfir niðurstöður talningarinár 2014. Helstu niðurstöður eru að á milli 2013 og 2014 hefur farþegum í október fjöldað um 45.043 sem er 4,35% fjölgun á milli ára. Tvöfalt meiri aukning núna miðað við árið á undan.

##### 6. Akstursútboð Strætó 2015

Einar Kristjánsson lagði fram minnisblað í tengslum við fyrirhugað akstursútboð Strætó á höfuðborgarsvæðinu 2015.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að leita óháðs aðila til að meta rekstrarhagkvæmni mismunandi kosta. Áhættumat samkvæmt grein 4.3 í eigendastefnu verður lagt fyrir næsta stjórnarfund.

##### 7. Erindi frá Hjólfafærni á Íslandi

Á fundi stjórnar 28. nóvember sl. var stjórnendum falið að koma með umsögn um erindi frá Hjólfafærni á Íslandi.

Frestað

## 8. Starfsreglur stjórnar

Frestað

## 9. Starfsáætlun stjórnar 2015

Frestað

## 10. Ráðning framkvæmdastjóra

Formaður upplýsti stjórn um að 71 umsókn hafi borist í starf framkvæmdastjóra. Ráðgjafar Capacent munu nú fara yfir umsóknir og meta þær eftir fyrirframgefnum matsramma. Stefnt er að fundi með stjórn í viku 2 þar sem farið verður yfir matsrammann og næstu skref í ráðningarárferlinu.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 11



Bryndís Haraldsdóttir Kristín Soffía Jónsdóttir  
Sverrir Óskarsson Gunnar Valur Gíslason  
Sigrún Edda Jónsdóttir Einar Birkir Einarsson